

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. ágúst 2012  
Tilvísun: UST20120800023/bs

## Allt að 800kW virkjun í Svelgsá. Umsögn vegna tilkynningaskyldrar framkvæmdar.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 3. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Virkjun í Svelgsá allt að 655 kW var tilkynnt til Skipulagsstofnunar 17. janúar 2007. Umhverfisstofnun gaf umsögn um matsskyldu virkjunarinnar með bréfum dags. 13 mars, 12. apríl og 19. nóvember 2007. Umhverfisstofnun taldi að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Sá virkjanakostur sem nú er tilkynntur til Skipulagsstofnunar er nokkuð breyttur frá fyrri virkjanakosti. Fallið er frá því að byggja jarðvegsstíflur í farvegi Svelgsár, en í stað þess verða steyptar stíflur. Vatni úr fjórum kvíslum Svelgsár verður veitt saman ofar í hlíðinni en ráðgert var við fyrri útfærslu virkjunarinnar. Steyptar verða þrjár veitustíflur í kvíslunum auk inntaksstíflu. Með aukinni fallhæð mun virkjunin stækka úr 655 kW í allt að 800 kW. Núverandi vegur að vatnsbóli Stykkishólmsbæjar verður bættur og framlengdur að stöðvarhúsi. Slóð verður lögð meðfram þrýstipípu að inntaksstíflu og þaðan slóðir að veitustíflum. Lengd vegslóða verður um 3900 metrar. Efnispörf vegna slóðagerðar er áætluð um 1800 m<sup>3</sup>.


**Umhverfisáhrif:** Fram kemur í greinargerð að áhrif á gróðurfar og fuglalíf verði óveruleg. Minnkað rennsli í Svelgsá mun hafa neikvæð áhrif á Nátthagafoss, en rennsli í fossinum verður háð vatnsmagni sem rennur um yfirfall inntaksstíflu. Umhverfisstofnun bendir á að fossar eru meðal jarðmyndana sem njóta verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í greinargerð er talið að áhrif á fossinn verði neikvæð en óveruleg og að fullu afturkræf. Áhrif á landslag eru talin verða vegar, slóða, stöðvarhúss, stífla og inntakslóna. Talið er að sjónræn áhrif verði minni en í fyrri tilhögun virkjunarinnar.

**Niðurstaða:** Þótt hér sé um tiltölulega litla virkjun að ræða er framkvæmdasvæði virkjunarinnar nokkuð stórt. Hluti framkvæmdarinnar, þ.e. stíflur og lón verða lítt sýnileg frá alfaraleið þar sem stíflurnar verða í giljum og lón ná lítið eða ekki út fyrir farveg Svelgsár. Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif fyrirhugaðrar virkjunar verði auk neikvæðra áhrifa á Nátthagafoss neikvæð áhrif vegna lagningar slóða og skurðgröftur vegna lagningar veitu- og fallpípa. Þó má draga verulega úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar með vönduðum

vinnubrögðum og góðum frágangi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfullst

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
deildarstjóri

  
Björn Stefánsson